

Landbúnaðarráðuneytið tiltekur nánar starfssvið hans, eftir því sem þurfa þykir. Nánari ákvæði um starfssvið ullarmatsmanna skal setja í reglugerð.

5. gr.

Ullarmatsformanni og yfirullarmatsmönnum skulu greidd laun úr ríkissjóði í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna.

Laun ullarmatsmanna greiða þeir aðilar, sem taka á móti ull frá framleiðendum.

6. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og lita eftir ullarmati og leiðbeina ullarmatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í meðferð og frágangi ullar eftir því sem við verður komið.

Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, sem landbúnaðarráðuneytið úrskurðar.

7. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara sæta sektum, frá 5 000 til 100 000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um flokkun og mat á gærum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um flokkun á gærum við móttöku fjár á sláturstað.

1. gr.

Allar gærunur, sem til sölumeðferðar koma, skulu flokkaðar við móttöku fjár í sláturhúsi. Flokkunin skal framkvæmd af lögskipuðum gærumatsmönnum og lögð til grundvallar við útreikning á verði gæranna til einstakra framleiðenda. Við flokkunina skal taka tillit til ástands, eðlisgæða og litar gæranna samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

II. KAFLI

Um meðferð á gærum og um sölumat þeirra við afhendingu.

2. gr.

Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrir mælum lögskipaðra gærumatsmanna um fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun, frágang og geymslu gæra. Gærumatsmaður skal

yfirfara gærurnar við afhendingu, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Í vottorðinu skal tilgreina tölu og nettóþyngd saltlausra gæra. Nánari ákvæði um meðferð á gærum og framkvæmd sölumats og gerð vottorðs skal setja í reglugerð.

III. KAFLI

Um starfsmenn við gærumat.

3. gr.

Lögreglustjóri skipar gærumatsmenn einn eða fleiri hjá hverjum sláturleyfishafa, eftir tillögum yfirgærumatsmanna. Skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á gærumati, með því að hafa starfað að því, eða á annan hátt. Landbúnaðarráðherra skipar yfirgærumatsmenn samkvæmt tilnefningu gærumatsformanns. Skulu þeir vera 4 og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði. Landbúnaðarráðherra skipar gærumatsformann. Skal hann vera sérfróður í öllu því, sem að framleiðslu, meðferð og geymslu gæra lýtur. Skal hann veita gærumatsmönnum og yfirgærumatsmönnum fræðslu um flokkun gæranna og framkvæmd gærumatsins. Er yfirgærumatsmönnum og gærumatsmönnum skylt að haga gærumatinu eftir fyrirmælum hans, og má leita úrskurðar hans, ef ágreiningur verður um matið.

Nánari ákvæði um starfssvið gærumatsmanna skal setja í erindisbréfi, sem landbúnaðarráðherra gefur út að fengnum tillögum gærumatsformanns.

4. gr.

Gærumatsformanni og yfirgærumatsmönnum skulu greidd laun úr rikissjóði í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna.

Laun gærumatsmanna greiða þeir aðilar, sem taka á móti gærum frá framleiðendum.

5. gr.

Yfirgærumatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og lita eftir gærumati og leiðbeina gærumatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í meðferð og frágangi gæra, eftir því sem við verður komið. Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr rikissjóði eftir reikningi, sem landbúnaðarráðuneytið úrskurðar.

6. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara sæta sektum frá 5 000 til 100 000 króna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Sláturleyfishöfum skal veittur þriggja ára aðlögunartími frá gildistöku laga þessara til framkvæmda á ákvæðum 1. greinar. Ráðherra getur að þeim tíma liðnum veitt undanþágu frá ákvæðum 1. greinar, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.